

Nr. 21-049 S 034 Björgúlfur EA 312***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2892
IMO 9758210
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: Samherji Ísland hf
Stærð: 2080,78 bt
Mesta lengd: 62,49 m Skráð lengd: 58,47 m
Breidd: 13,54 m Dýpt: 8,20 m
Vél: YANMAR 1620 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 13



Björgúlfur@Samherji

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. maí 2021 var Björgúlfur EA 312 á togveiðum á SV miðum. Veður: NA 13-18 m/s.

Skipverjar voru að láta trollið fara þegar efri bakborðs grandarinn festist í stjórnborðs grandaraspilinu. Grandarinn var settur fastur og slakað í hann en þegar skipverji var að lyfta grandaranum upp til að losa hann fékk skipverjinn mikinn sársauka í hægri handlegg sem varð hálf máttlaus á eftir.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var vaktaformaður og stjórnaði sjálfur spilunum með fjarstýringu á þilfarinu;
- að slaki kom á efri grandarann þegar verið var að slaka sem síðan húkkaðist upp fyrir stoðina á grandarispilinu við hliðina;
- að slasaði var að reyna að lyfta efri grandarnum upp af spilinu þegar vöðvafesting í upphandlegg slitnaði.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.